

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um auglýsingar um störf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg störf hafa verið auglýst „án staðsetningar“ hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess frá 1. júní 2009 til 1. júní 2012? Hversu mörg störf hafa verið auglýst á sama tímabili hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess?

Á tímabilinu 1. júní 2009 til 1. júní 2012 hafa verið auglýst alls 337 störf í umhverfisráðuneytinu og stofnunum þess. Þar af hafa 50 störf verið auglýst án staðsetningar.

Stofnun	Störf auglýst án staðsetningar	Störf auglýst með staðsetningu	Störf auglýst alls	
Umhverfisráðuneytið	0	6	6	
Vatnajökulsþjóðgarður	0	198	198	*1)
Umhverfisstofnun	20	50	70	*2)
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	0	0	0	
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn (RAMÝ)	0	5	5	
Skipulagsstofnun	0	0	0	
Brunamálastofnun/Mannvirkjastofnun	0	6	6	
Náttúrufræðistofnun	5	4	9	
Úrvinnslusjóður	0	0	0	
Veðurstofa Íslands	24	4	28	
Landgræðsla ríkisins	0	10	10	
Landmælingar Íslands	0	3	3	
Skógrækt ríkisins	1	1	2	
	50	287	337	

* 1) Þar af eru 193 störf vegna árlegrar ráðningar landvarða og annarra starfsmanna sem starfa eingöngu yfir sumartímann í þjóðgarðinum.

* 2) Þar af eru 42 störf vegna árlegrar ráðningar landvarða og annarra starfsmanna sem starfa yfir sumartímann í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum.